

Föstudaginn 7. febrúar 1992.

Nr. 225/1990. **Friðrik Kjarrval**

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

hreppsnefnd Skarðshrepps

(Skúli Pálsson hrl.).

Stefnubirting. Varnarþing. 45. gr. hæstaréttarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Garðar Gíslason og Hjörtur Torfason.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1990 að fengnu áfrýjunarleyfi 10. maí sama ár. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara krefst hann sýknu af kröfum stefnda og til þrautavara lækkunar þeirra. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðalkröfu sína byggir áfrýjandi á því, að sér hafi ekki verið löglega stefnt fyrir héraðsdóm. Lögheimili sitt hafi verið á Miðsandi í Hvalfjarðarstrandarhreppi í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu. Hafi borið að stefna sér fyrir aukadómþing þar í sýslu og óheimilt að stefna sér fyrir aukadómþing Dalasýslu. Þá telur áfrýjandi, að héraðsstefnan hafi ekki verið birt á lögsmæltan hátt, þar sem ekki verði séð af vottorði stefnuvotta, hvar á Miðsandi birt hafi verið og hvaða vikudag birt var. Þá sé ekki glögg, hver hafi verið þar til að taka við stefnunni.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefna hafi mátt áfrýjanda fyrir aukadómþing Dalasýslu eftir 84. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði. Þá komi það fram á vottorði stefnuvotta, að rétt hafi verið stefnt.

Áfrýjandi átti lögheimili á Miðsandi 15. ágúst 1989. Í vottorði stefnuvotta segir, að þar hafi stefnan verið birt kl. 15.10 þann dag. Neðan við þetta vottorð hefur Kristinn Björnsson ritað fyrrgreindan dag, að sér hafi verið birt stefnan og afhent afrit af henni. Var því

birt og vottað með þeim hætti, að fullnægjandi er samkvæmt 96. gr. og 92. gr. einkamálalaga.

Í máli þessu var áfrýjandi krafinn um greiðslu vegna kostnaðar við þvingunaraðgerð á grundvelli búfjárræktarlaga nr. 31/1973. Var þar um að ræða fullnustu vegna réttarbrots, og var því eftir 84. gr. einkamálalaga heimilt að reka málið í Dalasýslu.

Aðalkrafa áfrýjanda verður af þessum sökum ekki tekin til greina.

Í áfrýjunarstefnu er að finna áskilnað um nýjar kröfur og málsástæður, ef tilefni verður til, og er um það vitnað til 45. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Áfrýjandi sótti ekki þing í héraði. Stefna var ekki birt honum sjálfum, og ekki er ljóst, hvort hann vissi um þingfestinguna í Dalasýslu. Mótmæli hans gegn kröfu hreppsnefndar Skarðshrepps eru þau aðallega, að aðgerðirnar í Akureyjum hafi verið ólöglegar. Þá telur áfrýjandi, að krafa um 36.000 krónur vegna leigu á báti sé of há. Áfrýjandi hefur enga aðilaskýrslu gefið og ekki lagt fram gögn til styrktar mótmælum sínum. Ekki er útilokað, að það ylli áfrýjanda réttarspjöllum, ef kröfur stefnda verða teknar til greina, og afsakanlegt kann að vera, að hann hafði ekki uppi kröfur í héraði. Teljast skilyrði 45. gr. hæstaréttarlaga því uppfyllt, og má hann koma að kröfum og málsástæðum hér fyrir dómi. Þær hefur hann ekki rökstutt með þeim hætti, að unnt sé að taka kröfur hans til greina.

Af framanskráðum orsökum ber að staðfesta héraðsdóm.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 50.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Friðrik Kjarrval, greiði stefnda, hreppsnefnd Skarðshrepps, 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála öðrum dómendum um lögmæti stefnubirtingar í máli þessu og þingfestingar þess á aukadómþingi Dalasýslu. Á hinn

bógin er á það að líta, að málið er höfðað vegna afdrifaríkrar þvingunaraðgerðar, sem hin stefnda sveitarstjórn lét framkvæma á grundvelli reglna í X. kafla búfjárræktarlaga nr. 31/1973 um fóðrun og hirðingu búfjár. Mælt er um það skýrum stöfum í 55. gr. laganna, hvernig standa skuli að slíkum aðgerðum, og mörkuð sú stefna, að aflifun búfjár vegna vanfóðrunar eða vanhírðu skuli einungis beitt í neyð, þegar ekki sé annars úrkosta.

Í stefnu í héraði segir um aðgerðina, að dýralæknir og lögreglu-
menn hafi framkvæmt hana fyrir tilhlutan sýslumanns Dalasýslu
eftir ítrekaðar viðvaranir forðagæslumanns, hreppsnefndar og
sýslumanns. Ætla verður, að til séu um málið skýrslur eða bókanir
hjá öllum þessum yfirvöldum, auk þess sem finna megi einhver
skjalleg merki um viðvaranir þeirra til áfrýjanda. Þess sér þó engan
stað í skjölum málsins, þar sem stefndi lagði ekki annað fram við
þingfestingu þess til sönnunar kröfu sinni en yfirlitsreikning sinn
um hinn umdeilda kostnað. Var sá málatilbúnaður með öllu óviðun-
andi, og átti héraðsdómari ekki að leggja dóm á málið, eins og það
lá fyrir. Áfrýjandi lagði ekki fram skýrslur eða gögn um efni máls-
ins, þegar hann kom mótmælum sínum á framfæri hér fyrir dómi,
en honum er ekki ætlandi að bæta úr vanreifun málsins að þessu
leyti. Er það því niðurstaða mín, að fella beri hinn áfrýjaða dóm
úr gildi og vísa máli þessu frá héraðsdómi.

Dómur aukadómþings Dalasýslu 29. september 1989.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. september sl., er höfðað fyrir aukadóm-
þinginu með stefnu, birtri 15. september sl., af hreppsnefnd Skarðshrepps,
kt. 580269-4869, Dalasýslu, gegn Friðriki Kjarrval, kt. 050734-2779, með
lögheimili að Miðsandi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Borgarfjarðarsýslu.

Dómkröfur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða
57.019 kr. auk [nánar tilgreindra vaxta svo og málskostnað].

Málsatvik og málsástæður.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að stefndi hafi verið með sauðfé
í Akureyjum á Skarðsströnd. Sauðfé þetta hafi gengið þar sjálfala og fjölgað
sér ótakmarkað. Ekki hafi verið næg beit fyrir fé þetta, og þrátt fyrir ítrek-
aðar viðvaranir forðagæslumanns, hreppsnefndar og sýslumanns hafi eigi

verið bætt úr, og hafi því féð verið vanfóðrað og illa til ræika. Stefnandi kveður og, að fyrir tilhlutan sýslumanns Dalasýslu hafi dýralæknir ásamt lögreglu og aðstoðarmönnum verið sendur til að aflifa féð, og hafi féð síðan verið grafið 8. mars 1988. Stefnandi kveður, að af þessum aðgerðum hafi hlotist kostnaður, er stefnandi hafi orðið að greiða, og sé stefndi nú endurkrafinn um þann kostnað.

Að því er varðar málsástæður og lagarök, kveðst stefnandi vísa til 10. kafla búfjárræktarlaga nr. 31/1973, einkum 55. gr. og 58. gr. Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Verður því eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða þær teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst 25.000 kr.

Dóm þennan kvað upp Georg Kr. Lárusson, settur sýslumaður.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Friðrik Kjarrval, greiði stefnanda, hreppsnefnd Fellsstrandarhrepps (sic), 57.019 kr. auk 45,60% ársvaxta frá 8. mars 1988 til 1. maí 1988, með 44,40% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1988, með 52,80% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1988, með 56,40% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1988, með 49,20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. október 1988, með 33,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1988, með 27,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1988, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1989, með 21,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1989, með 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1989, með 33,60% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1989, með 38,40% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1989, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1989 og með 45,60% ársvöxtum frá þeim degi til 25. september 1989, en þá með dráttarvöxtum, eins og ákveðnir eru af Seðlabanka Íslands á hverjum tíma, til greiðsludags. Krafa stefnanda um höfuðstólsfærslu vaxta á 12 mánaða fresti er tekin til greina. Stefndi greiði stefnanda 25.000 kr. í málskostnað, og er þar með talinn söluskattur. Dómur þessi er aðfararhæfur að liðnum 15 dögum frá birtingu hans.